

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2011

2011/EES/37/16

frá 1. apríl 2011

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/216/ESB frá 14. apríl 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB) í XXI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0216:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/216/ESB frá 14. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 94, 15.4.2010, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/216/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 94, 15.4.2010, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.